

74
29. júní

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka á leigu geymsluhús
Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefur tjáð mér, að þegar sé hafin bygging 10 þús. mála síldarverksmiðju á Siglufirði. Tilraunir stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins og byggingarnefndar Síldarverksmiðja ríkisins til þess að fá til umráða nauðsynlegt geymslurúm og athafnasvæði meðan á byggingu téðrar verksmiðjubyggingar stæði, hafa ekki borið nauðsynlegan árangur. Hins vegar getur oltið á því, hvort unnt verði að koma verksmiðjunni upp á tilsettum tíma, að geymslurúm fái. Geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f er ekki notað eins og sakir standa, og ber brýna nauðsyn til, að geymsluhús þetta verði tekið leigunámi meðan á byggingu verksmiðjunnar stendur.

Vegna þessa gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka á leigu um ótiltekinn tíma, með eða án samþykkis eigenda, geymsluhús Tunnuverksmiðju Siglufjarðar s/f á Siglufirði, ásamt lóðarréttindum, enda komi fullt endurgjald fyrir afnotin eftir mati óvilhallra dómkvaddra manna. Skal ríkisstjórninni heimilt að taka geymsluhúsið til afnota þegar eftir gildistöku laga þessara, og greiðist leiga sú, er metin verður, frá þeim tíma, er afnotin byrja.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 29. júní 1945.

Sveinn Björnsson.
(L. S.)

Áki Jakobsson.